

SUNNUDAGSLEIDARI

Veflist að Kjarvalsstöðum

Að undanfögnu hefur staðið yfir glæsileg sýning á norrænni veflist að Kjarvalsstöðum. Er hér um að ræða úrval af listaverkum á sviði veflistar frá Norðurlöndunum fimm, og hafa verkin þegar verið sýnd í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en héðan fer sýningin til Færeyja. Á sýningunni eru 116 listaverk, valin af dómnefnd kunnáttumanna frá öllum Norðurlöndum úr 665 verkum, sem boðin voru til sýningar. Á sýningunni eru verk eftir sex íslenska veflistamenn, en í dómnefndinni átti sæti Ásgerður Búadóttir af Íslands hálfu. Hvarvetna hafa gagnrýnendur lokið miklu lofsorði á sýninguna, en áhugi á veflist hefur farið mjög vaxandi í Evrópu á undanfögnu árum, og þá ekki hvað sízt á Norðurlöndum.

Íslendingar hafa sérstaka ástæðu til þess að fagna mikilli sýningu á veflist. Um aldamótin síðustu var íslensk myndlist á bernskuskeiði. Það var menning Íslendinga, sem bjargaði þeim sem þjóð í aldalöngum þrautum. Oft er sagt, að það hafi verið bókmenningin. Átt er m.a. við það, að þegar nútíma myndlist fæddist á Íslandi upp úr aldamótum, hafði almenningur einkum haft kynni af marglitum glansmyndum og skrautlegum vörumerkjum. En þá gleymist, að einmitt forn list hafði aldrei dáði út á Íslandi. Öldum saman hafði myndlist lifað lífi sínu í þessu fátæka og afskekktu

landi, upphaflega erlend, en hafði fyrir mörgum öldum tengt einkennum íslenzkrar ullar og íslenzkum litum. Heimsmenning kristinnar birtist í þessari list, í kórkapunum og altarisdúkunum, í söðuláklæðunum, sessuborðunum og reflunum. Enginn armóður og engin áþjám megnaði að eyða áhuga íslenzkra kvenna á listinni í langar myrkar aldir. Hér var ekki eingöngu um að ræða listsköpun efnaðra og menntaðra hefðarkvenna. Þessi list lék ekki síður í hendi fátækrar alþýðukonu. Sú þökk er ómæld, sem íslensk þjóð á að gjalda þeim íslenzkum konum, sem í þýðum samhljómi við nið aldanna varðveittu forna listhefð með þeim hætti, að þegar myndlist hafði leyst glansmyndir og vörumerki af hólmi, þá hófst öld nýrrar veflistar á Íslandi: Að sjálfsögðu ný viðfangsefni og ný tækni, en samt ekki list á barnsskóm, af því að hún átti sér þúsund ára sögu að baki.

Sýningin að Kjarvalsstöðum er íslenzkum veflistamönnum til sóma. Því ber að fagna, að hún fer um Norðurlönd öll. Frændur okkar fá að sjá, að Íslendingar eru ekki eftirbátar í þessum efnum, íslensk veflist er ekki aðeins hlutgeng í norrænni veflist, — hún eykur fjölbreytni hennar og bætir hana með sérkennum sínum. Og norræn veflist er tvímælalaust þáttur heimslistar á þessu sviði.

GÞG

LISTIR/MENNING

Leiklistarfélag MH:

Sýnir Drek- ann — eftir Evgeni Schwartz

A sunnudag gefst íbúum Reykjavíkur kostur á að sjá afrakstur nær eins og háls mánaða æfinga Leiklistarfélags Menntaskólans við Hamrahlöð, en þá mun félagið frumsýna leikritið Drekann eftir rússann Evgeni Schwartz. Sagan um Dreka er rússneskt ævintýri, blandað þjóðfélagslegri ádeilu harðstjóra sem stjórnað hefur borg sinni um nær 400 ára skeið.

Leikstjóri er Þórunn Sigurðardóttir, en alls taka á milli 25 og 30 nemendur þátt í sýningunni. Aðalhlutverk eru í

höndum eftirtalinna: Sigríðar Þorgeirsdóttir, Björns Guðbrands Jónssonar, Karls A. Úlfssonar, Jakóbs S. Jónssonar og Indriða Einarssonar.

Myndlistafélag skólans á allan heiður af leikmynd og búningum, en tónlistin er samin og flutt af nemendum skólans.

Af leikritum sem leiklistarfélag Menntaskólans við Hamrahlöð hefur áður tekið til sýninga má nefna Þingkonurnar eftir Aristofanes, Gísl eftir Brendan Behan og Ísjakann.



Þessi mynd var tekin á einni af æfingum Leiklistarfélagsins nú fyrir skömmu.

Drekinn verður sýndur í Hátiðasal Menntaskólans við Hamrahlöð dagana 13. 15. og 18. febrúar og hefjast sýningar klukkan 20:30.

—GEK

Meistari Jakob vinnur í happdrætti

Starfsemi Leikbrúðulands að Frikirkjuvegi 11 er orðinn fastur liður í skemmtanalífi höfuðborgarinnar og undanfarin 5 ár hefur verið sett upp ný sýning á hverjum vetri.

Í vetur er sýning Leikbrúðulands óvenju seint á ferðinni og koma þar til ýmsar ástæður. Meðal annars sú að Leikbrúðuland tók þátt í gestaleik Þjóðleikhússins „Litla prinsinum“ fram eftir hausti og fór í leikferð til Chicago í desember.

En hvað um það, á morgun sunnudaginn 13. febrúar frumsýnir Leikbrúðuland 3 nýja leikbrúðupætti. Fyrsti þátturinn fjallar um stutta ævi litillar

holtasóleyjar, þá koma gamlir kunningjar „10 litlir negrastrákar“ og loks er nýr þáttur um Meistara Jakob, sem að þessu sinni vinnur í happdrætti og lendir í framhaldi af því í ýmsum þrengingum.

Aðstandendur Leikbrúðulands eru Bryndís Gunnarsdóttir, Erna Guðmarsdóttir, Hallveig Thorlacius og Helga Steffensen. Hólmfríður Pálsdóttir annaðist leikstjórn á þættinum um Meistara Jakob en hún hefur frá upphafi mótað Meistara Jakob og hans skyldu. Hinum þáttunum tveimur leikstýrði Arnhildur Jónsdóttir, en leiktjöld eru eftir Þorbjörgu Höskuldsdóttur.

Framvegis mun Leikbrúðuland sýna á hverjum sunnudegi klukkan 3 að Frikirkjuvegi 11 og hefst miðasala klukkan 1 sýningardagana.

—GEK



SUNNUDAGSBLAÐ